

**207. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
4. janúar 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi, Asparskógar 25**

Ósk stjórnenda Garðasels um auka skipulagsdag/a vegna flutninga í nýjan leikskóla í janúar. Alfreð Alfreðsson og áheyrnarfulltrúar leikskólanna sátu fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að bæta við einum skipulagsdegi í leikskólanum Garðaseli þegar kemur að því að flytja alla starfsemina yfir í nýja húsnæðið.*

Alfreð og áheyrnarfulltrúar leikskólanna yfirgefa fundinn.

**2. 2207126 - Rafípróttafélag á Akranesi**

Kynning á samkomulagi um afnot ÍA-RAF af íþróttahúsinu á Vesturgötu - sal 2 á Þekjuni. Daniel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð fagnar því að tekist hefur að finna rafípróttafélaginu ÍA-RAF rými í íþróttamannvirkjum bæjarins og óskar félaginu velfarnaðar í starfi.*

**3. 2211129 - Íþróttalíf á Akranesi - bæjarstjórn unga fólksins**

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri, Daniel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góðar ábendingar er varða íþróttalíf á Akranesi. Ráðið ræddi um opnunartíma íþróttamannvirkja, fyrirkomulag frístundastyrkja og aðgengi að íþróttum og íþróttamannvirkjum. Skóla- og frístundaráð felur forstöðumanni íþróttamannvirkja að koma með tillögur að breytingum á opnunartíma mannvirkjanna.*

Heiðrún, Daniel og Guðmunda víkja af fundi

**4. 2209033 - Húsnæðisáætlun 2023**

Til kynningar árleg húsnæðisáætlun fyrir HMS. Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri fylgir málinu eftir.

*Húsnæðisáætlun 2023 lögð fram til kynningar. Skóla- og frístundaráð þakkar Valdísi fyrir góða yfirferð.*

Valdís víkur af fundi.

**6. 2212093 - Styrkir til menningartengdra verkefna árið 2023**

Menningar- og safnanefnd vísar breytingartillögum á reglum vegna styrkumsókna á

sviði menningarmála til skóla- og frístundaráðs.

Skóla- og frístundaráð fellst á breytingartillögur menningar- og safnanefndar og vísar reglunum til samþykktar í bæjarstjórn.

**5. 2201006 - Fundargerðir 2022 - menningar- og safnanefnd**

114. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 19. desember 2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir  
Lú íse Skarvæð  
Eindri Braundsson

Dagný Hánsdóttir.  
Anney Agústsdrömm